

komin undir eiði áfrýjanda, eins og hann hefir kraf-ist. — Að því er kemur til kröfu áfrýjanda um 250 kr. í peningum sem hluta af húsandvirðinu, þá hefir ákvæði um greiðslu þessa eigi verið tekið upp í af-salið, en áfrýjandi segir, að munnlegir samningar um hana hafi gerst milli sin og stefnda. Þessu neit-ar stefndi afdráttarlaust, og með því áfrýjandi hefir enga sönnun sýnt fyrir þessari kröfu sinni verður hún eigi tekin til greina. — Samkvæmt framansögðu verður eftir kröfu stefnda að staðfesta bæjarþings-dóminn, bæði aðalefni hans og málskostnaðarákvæð-ið. Og eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá að greiða stefnda málskostnað fyrir yfir-dómi og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi, Ólafur Kristjánsson, greiði stefnda, Sigurði Halldórssyni, málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., og lúkist upphæðin innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 3. desbr. 1917.

Nr. 56/1917.

Karel Hjörtþórsson
gegn

Tryggva Gunnarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Tryggvi Gunnarsson fyrverandi bankastjóri fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn Karel Hjörtpórssyni á Breiðabóli við Reykjavík til að fá hann dæmdan til að greiða sér áfallnar afborganir af andvirði fyrir 8 hesta Danmótor, er hann seldi Karel með samningi dags. 2. ág. f. á. Lyktaði málinu fyrir nefndum rétti með dómi uppkeðnum 14. júní þ. á. þannig, að stefndi var dæmdur til að greiða stefnanda 550 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og 30 kr. í málskostnað. Til að fullnægja dómi þessum var eftir kröfu dómhafa fógetagjörð haldin hjá stefnda 19. júní s. á. og fjárnámi teknir ýmsir lausafjármunir hans, virtir alls á 621 kr., til lúkningar dómkröfunni með kostnaði. Karel Hjörtpórsson hefir nú skotið þessum dómi og fjárnámsgjörð til yfirdómsins með stefnu dags. 30. júlí þ. á., og eru kröfur hans hér fyrir réttinum hin- ar sömu og fyrir undirréttinum, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda; til vara að verða því að eins dæmdur til að greiða umstefnda upphæð, að mótorvélin verði þá óskert eign hans og teljist að fullu borguð; til þrautavara að hann borgi hana eftir mati dómkvaddra manna og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir gestaréttinum. Fyrir yfirdóminum krefst hann þess ennfremur, að fjárnámsgjörðin verði feld úr gildi og sér dæmdar skaðabætur fyrir hana 650 kr., svo og honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda, Tryggva Gunnarssonar,

er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgjörð verði staðfest, að hann verði sýknaður af skaðabótakröfu áfrýjanda og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati dómsins.

Í fyrgreindum samningi, 2. ág. f. á., tekur áfrýjandi það fram, að hann hafi þegar sett mótórinum niður heima hjá sér og að seljandi hafi afhent kaupanda 230 kr. til þess að kaupa fyrir ýmislegt til mótorsins, og teldist það ásamt vinnu og öðru, sem kaupandi hefði lagt til aðgerða á mótórnunum, sem honum fylgjandi upp frá því. Kaupverðið var ákveðið 1400 kr., þar í taldar fyrgreindar 230 kr.; skyldi kaupandi greiða 50 kr. af því við næstu mánaðarlok og eftir það 100 kr. á mánuði með 6% vöxtum frá sammingsdegi. Og enn var það í samningnum ákveðið, að mótórin væri eign seljanda þangað til að kaupverðið væri að fullu greitt, og ef vanskil yrðu á greiðslu af hendi kaupanda, gæti seljandi tekið mótórin aftur sem sína eign með aðstoð fólgeta og þyrfti þá eigi að endurgreiða kaupanda það, sem hann þá hefði greitt upp í kaupverðið. Fyrir gestaréttinum hélt áfrýjandi því fram, að kaup um mótórin hefðu aldrei fullgerst, en hann væri enn eign stefnda og gæti hann eftir samningnum tekið hann aftur, þegar hann vildi, enda kvaðst áfrýjandi hafa gert stefnda viðvart fyrir löngu að taka mótórin, því að áfrýjandi vildi eigi kaupa hann, en í samningnum sé eigi minnst á það, að áfrýjanda sé skylt að greiða eftirstöðvar kaupverðsins.

Þessa varnarástæðu hefir áfrýjandi eigi tekið

upp aftur fyrir yfirdóminum og verður því að lita svo á, að hann hafi horfið frá henni.

En hann telur nú þá eina ástæðu fyrir kröfu sinni um sýknun í málinu, að mótorinn hafi eigi verið samningshæfur. Það hafi verið búist við því, að hann yrði í góðu og gildu standi, þegar gert hefði verið við hann fyrir það fé, sem stefndi lagði til; en þetta hafi algerlega brugðist, því að þegar áfrýjandi hafi varið öllu því fé og talsverðu fé úr eigin vasa til að bæta mótorinn, hafi hann reynst lítt notandi og hafi hann þá fengið 2 paulvana mótormenn til að skoða hann og virða og hafi þeir álitid, að hann væri alls ekki meir en 500 kr. virði. Heldur áfrýjandi því, að hann, sem ekki sé sérfróður um mótor, hafi verið blektur á kaupunum, en stefndi hafi sjálfur vel vitað, hve lélegur mótorinn var.

Stefndi tekur það hinsvegar fram, að það skifti engu í þessu máli, hvernig mótorinn var, með því að áfrýjandi hafi keypt hann eins og hann var á sig kominn og hafi verið búinn að setja hann niður heima hjá sér og reyna hann mörgum mánuðum áður en samningurinn 2. ág. f. á. var gerður, enda mótmælir hann því, að mótorinn hafi verið lítt notandi eða dýrt seldur fyrir hið umsamda verð. — Það er viðurkent af áfrýjanda, að hann hafi tekið við mótornum hjá stefnda í aprilmánuði f. á. og að hann hafi sett hann upp heima hjá sér áður en hann gerði kaupsamninginn. Áfrýjandi hefir eigi, eins og hann þó gerði ráð fyrir í málfærslunni, lagt fram álitsgjörð þeirra manna, er hann tjáist hafa fengið til að skoða og virða mótorinn; verður því eigi séð, hvort

sú gjörð hefir farið fram og verið áfrýjanda kunn áður en samningurinn var gerður, eins og stefndi heldur fram, eða síðar. En hvað sem því líður eru engin rök, eftir því sem þannig er upplýst, til að ætla, að áfrýjandi hafi verið blektur á mótorkaupunum, svo að hann fyrir þá sök geti skotið sér undan að fullnægja samningnum, en hafi honum reynst mótörinn miður nothæfur en hann gerði sér von um, á hann sjálfur sök á þeim vonbrigðum, með því að honum var innan handar, að ganga úr skugga um ástand mótorsins áður en hann festi kaup á honum, enda hefir hann eigi haldið því fram, að stefndi hafi lýst mótornum öðruvísi eða betri en hann var. Það er nú auk þess ósannað, að mótörinn hafi verið svo lélegur eða gallaður, að hann hafi verið óhæfilega dýrt seldur fyrir hið umsamda verð, en það kemur hér eigi til álita með því að telja verður, að áfrýjandi hafi með samningnum skuldbundið sig til að greiða þetta verð fyrir mótörinn eins og hann þá var. Það er því eigi fært að taka til greina kröfu áfrýjanda um sýknun í málinu, en það verður að dæma hann eftir kröfu stefnda og ber því að staðfesta gestaréttardóminn, einnig ákvæði hans um málskostnað. — Kröfu sína um ógilding fjárnámsgjörðarinnar og skaðabætur fyrir hana byggir áfrýjandi á því, að sér hafi eigi verið gerður kostur á að undanskilja frá fjárnámi 120 kr. virði af eignum sínum samkv. 27. gr. laga um aðför 4. nóv. 1887. Telur hann að ónýta beri fjárnámið af þessari ástæðu, þó að dómnunum yrði eigi raskað. En með því áfrýjandi vísaði sjálfur á muni þá, er skrifaðir voru og virtir til

fjárnáms, verður það eigi talið rétt, að hann hafi eigi átt kost á að nota rétt sinn eftir téðri lagagrein, enda er það eigi sannað, að svo nærri honum hafi verið gengið með fjárnáminu, að hann hafi eigi átt eftir fjármuni, er næmi þeirri upphæð, er honum var heimilt að undanþiggja.

Það verður því eigi heldur fallist á þessa kröfu áfrýjanda og ber að staðfesta fjárnámsgjörðina og sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda um skaðabætur fyrir hana. Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fjárnámsgjörð skal óraskað. Áfrýjandi, Karel Hjörtpórsson, greiði stefnda, Tryggva Gunnarssyni, 25 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 10. desember 1917.

Nr. 27/1917.

Gísli Hjálmarsson
gegn

Sveini Björnssyni f. h.
Ólínú Einarsdóttur.